

Námsfræðsla

Íslenska skólakerfið og námsval sem stendur til boða er kynnt. Nemendur leita upplýsinga um námsleiðir og kynna þær. Nemendur taka áhugasviðskönnun og skoða námsleiðir í samræmi við niðurstöður. Einnig er unnið með gildi og færni. Farið er í vettvangsferðir í fyrirtæki og menntastofnanir.

Nemandi skal hafa aflað sér almennrar þekkingar og skilnings á:

- námsmöguleikum og skólakerfinu
- hvaða þættir hafa áhrif á náms- og starfsval
- leiðum til upplýsingaöflunar í tengslum við náms- og starfsval
- leiðum til að efla styrkleika og vinna með veikar hliðar

Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- leita upplýsinga um námsmöguleika og skólakerfið
- kynna námleiðir og störf

Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- gera grein fyrir eigin áhugasviði og möguleikum á atvinnu og frekara námi
- velja námsbraut í samræmi við áhuga og eigin færni
- nýta styrkleika sína sem best

Námsmat

Mæting, umræður, einstaklings- og hópverkefni.

Kennslugögn

Ljósritað lesefni frá kennara, vefsíður og myndbönd.